



BORGARRÁÐ 10. júlí 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar af fylgiskjöllum með samningi við Hörpu - MSS25070006

Borgarráð beinir því til stjórnar Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss, að trúnaði verði aflétt af fylgiskjöllum með samningi um rekstrarframlög eigenda til hússins 2026-2030. Um er að ræða skjölin „Rekstrarreikningur samstæðu 2023 til 2029“, „Efnahagsreikningur samstæðu 31. desember 2023 til 2029“ og „Starfspáttagreining janúar – desember 2024“. Eðlilegt er að sem mest gagnsæi ríki um rekstur Hörpu enda er um umfangsmikinn rekstur að ræða og húsið í eigu allra landsmanna.

